

Ferðafélag Íslands
B.t. Stefáns Jökuls Jakobssonar
Mörkinni 6
104 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2018
UST201803-444/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framlengingu á tímabundnu leyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dags. 28. mars 2018, um framlengingu á tímabundnu stöðuleyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum, þar til samþykkt deiliskipulag svæðisins liggur fyrir.

Landmannalaugar eru innan friðlands að Fjallabaki, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Lýsing umsóknar

Sótt er um tímabundið stöðuleyfi fyrir 18 m² rafstöðvarhúsi úr timbri á þeim stað sem rafstöðin hefur verið undanfarin ár, við varnargarðinn í Landmannalaugum, þar til samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið liggur fyrir.

Þann 16. júní 2017 veitti Umhverfisstofnun tímabundið leyfi fyrir rafstöðvarhúsi til 30. september 2017. Þann 26. október 2017 veitti Umhverfisstofnun framlengingu á áður útgefnu stöðuleyfi til eins árs, eða til 30. september 2018.


Áhrifamat:

Eins og fram hefur komið í fyrri leyfum Umhverfisstofnunar fyrir tímabundnu leyfi fyrir húsinu metur stofnunin, að rafstöðvarhúsið hafi frekar neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins þar sem verið er að bæta við byggingu á svæði sem áætlað er fækka byggingum samkvæmt deiliskipulagi sem er í vinnslu. Umhverfisstofnun telur aftur á móti jákvætt að með húsinu sé rekstraröryggi rafstöðvarinnar bætt og dregið úr hljóðmengun.


Niðurstaða

Í ljósi þess að sótt er um leyfi þar til deiliskipulag í Landmannalaugum tekur gildi án þess að fram komi tímamörk synjar Umhverfisstofnun umsókn um tímabundið leyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum þar til deiliskipulag svæðisins tekur gildi, að svo stöddu. Ekki liggur fyrir hvenær deiliskipulag svæðisins tekur gildi og skipulagsnefnd Rangárbings-ytra hefur aðeins veitt stöðuleyfi fyrir húsinu til eins árs. Umhverfisstofnun bendir Ferðafélagi Íslands á að óska eftir framlengingu á því tímabundna leyfi sem nú er í gildi áður en gildistími leyfisins rennur út.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri